

UMBODSMADUR ALPINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F133/2023

Reykjavík, 29. mars 2023

Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Vísað er til fyrri samskipta í tilefni af athugun umboðsmanns viðvirkjandi tilkynningu á vef Stjórnarráðs Íslands 9. mars sl. sem bar yfirskriftina „Vegna umfjöllunar um málefni Lindarhvals“.

Með bréfi umboðsmanns 17. mars sl. var m.a. óskað upplýsinga um það hvort með fullyrðingunni „[ó]löglegt er að gera vinnuskjöl ríkisendurskoðanda opinber samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ársreikninga“ væri átt við að birting slíkra gagna væri almennt óheimil. Ef svo væri var óskað eftir því að ráðuneytið skýrði nánar hvaða lagasjónarmið byggju að baki þeirri afstöðu að birting vinnuskjala ríkisendurskoðanda, að eigin frumkvæði stjórnvalds eða samkvæmt beiðni, væri alfarið óheimil og þá án þess að mat færi fram á atvikum í hvert og eitt sinn. Loks var þess óskað að ráðuneytið skýrði nánar hvort og þá hvernig niðurstaða úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sem vísað var til í tilkynningunni, á þá leið að stjórnvaldi hefði mátt synja beiðni kæranda um aðgang að gögnum, hefði áhrif á heimild þess til að birta gögn að eigin frumkvæði. Í bréfinu var skýrt tekið fram að þessar fyrirspurnir beindust ekki að átlaðri skyldu ráðuneytisins, eða annarra opinberra aðila, til að birta eða veita aðgang að því skjali fyrrverandi setts ríkisendurskoðanda, sem vísað væri til í tilkynningunni, heldur þeim almennu fullyrðingum um gildandi rétt sem þar kæmu fram.

Í svari ráðuneytisins 24. mars sl. er m.a. fjallað um muninn á almennum ákvæðum laga um þagnarskyldu og sérstökum þagnarskylduákvæðum. Tekið er fram að í ákvæðum um sérstaka þagnarskyldu felist almenn skylda til að veita ekki upplýsingar sem undir slík ákvæði falla. Sérstök þagnarskylduákvæði takmarki þannig upplýsingarétt almennings og möguleika stjórnvalda til veita aðgang að upplýsingum umfram upplýsingarétt en þau taki þó ekki alfarið fyrir slíka upplýsingagjöf. Þá eru í svarinu færð fram rök fyrir því að líta beri á ákvæði 3. mgr. 15. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ársreikninga, sem sérstök þagnarskylduákvæði.

Hvað varðar fullyrðinguna „[ó]löglegt er að gera vinnuskjöl ríkisendurskoðanda opinber samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ársreikninga“ er í svari

ráðuneytisins tekið fram að með þessu sé vísað til þess að það leiði af sérstökum þagnarskylduákvæðum að stjórnvaldi sé að jafnaði ekki heimilt að veita aukinn aðgang að upplýsingum sem undir slík ákvæði falla enda ráði stjórnvaldið ekki sjálfst þeim hagsmunum sem þagnarskyldunni er ætlað að vernda. Stjórnvöldum beri að meta í hverju tilviki hvort skjal falli, í heild eða að hluta, undir sérstök þagnarskylduákvæði laga. Ráðuneytið telji ekki að birting vinnuskjala ríkisendurskoðanda að frumkvæði stjórnvalds sé alfarið óheimil. Mál sem varði gögn sem kunnir að vera undirorpin sérstakri þagnarskyldu fái ætíð efnismeðferð enda felist í sérstökum þagnarskylduákvæðum að stjórnvöldum beri að framkvæma mat á málsatvikum í hvert sinn. Þá er um tilvitnaðar úrlausnir úrskurðarnefndar um upplýsingamál m.a. tekið fram að slíkar niðurstöður nefndarinnar hafi áhrif á meðferð stjórnvalds á sambærilegum málum, með þeim augljósa fyrirvara að hvert mál verði að skoða sérstaklega.

Líkt og fram kemur í bréfi mínu til yðar 17. mars sl. verður téð fullyrðing í tilkynningu ráðuneytisins vart túlkuð á aðra leið en að ráðuneytið líti svo á að 3. mgr. 15. gr. laga nr. 46/2016 girði alfarið fyrir birtingu vinnuskjala ríkisendurskoðanda. Af svari ráðuneytisins við fyrirspurn minni verður hins vegar ráðið að það telji að birting vinnuskjala ríkisendurskoðanda *geti farið fram* að tilteknum skilyrðum uppfylltum og girði 3. mgr. 15. gr. laga nr. 46/2016 því ekki alfarið fyrir slíka birtingu. Get ég því ekki séð að samræmi sé að þessu leyti á milli þess sem fram kemur í umræddri tilkynningu ráðuneytisins og því sem greinir í áðurröktu svari þess til mín.

Með hliðsjón af framangreindu er þess óskað, með vísan til 5. og 7. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að upplýsingar verði veittar um eftirfarandi atriði:

1. Er litið svo á að tilkynning ráðuneytisins 9. mars sl. sé í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í áðurröktu svari þess til umboðsmanns? Ef það er afstaða ráðuneytisins að svo sé er óskað nánari skýringa á henni.
2. Hefur komið til skoðunar hjá ráðuneytinu að gera breytingar á tilkynningunni 9. mars sl. til samræmis við þau við þau sjónarmið sem fram koma í téðu svari þess til umboðsmanns? Ef ekki er óskað skýringa á þeirri niðurstöðu ráðuneytisins.

Þess er óskað að umbeðin svör berist umboðsmanni eigi síðar en 12. apríl nk.

Virðingarfyllt,


Skúli Magnússon